

**Ed.**

**443. Frumvarp til laga**

[212. mál]

um upptöku ólöglegs sjávarafla.

(Lagt fyrir Alþingi á 97. löggjafarþingi 1975—76.)

**1. gr.**

Ólöglegur sjávarafli er sá afli eða hluti afla :

1. sem ekki nær lágmarksstærð þeirri, sem ákveðin er í lögum, reglugerðum eða sérstökum veiðileyfum.
2. sem umfram er ákveðinn hámarksafla, sem bátum er settur.
3. sem aflað er með ólöglegum veiðarfærum.
4. sem aflað er á svæðum þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar eða án þess að tilskilin veiðileyfi séu fyrir hendi.

**2. gr.**

Ólöglegur sjávarafli skal gerður upptækur, og andvirði hans renna í sérstakan sjóð, sem varið skal í þágu fiskirannsóknna og vísindalegs eftirlits með fiskveiðum eftir nánari ákvörðun sjávarútvegsráðuneytisins. Er upptaka óháð því, hvort um refsiverðan verknað hefur verið að ræða. Ákvæði þessarar greinar skulu víkja fyrir ákvæðum sérlaga um upptöku afla.

**3. gr.**

Sjávarútvegsráðuneytið úrskurðar hvort um ólöglegan sjávarafli er að ræða samkvæmt lögum þessum og í hve miklu magni. Leiki vafi á um magn ólöglegs sjávarafla er heimilt að áætla það magn eftir framkomnum gögnum.

Ráðuneytið úrskurðar ennfremur, hvert skuli vera andvirði hins ólöglega afla, sem gera skal upptækan, og skal þá miða við heildarsöluverðmæti aflans, eða þess hluta hans, sem við á.

Ráðuneytið byggir ákvarðanir sínar samkvæmt þessari grein á upplýsingum sérstakra eftirlitsmanna þess, starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða og öðrum tiltækum sönnunargögnum. Ráðuneytið skal jafnan gefa hlutaðeigandi kaupendum og seljendum meints ólöglegs sjávarafla kost á að gera grein fyrir sínu máli.

#### 4. gr.

Ákvörðun ráðuneytis um upptöku afla skal tekin í skriflegum úrskurði. Málinu má vísa til meðferðar sakadóms, en ekki skal það fresta því, að ráðuneytið geti innheimt andvirði þess ólöglega afla, sem það gerir upptækan, hjá kaupendum eða seljendum þess afla, eftir því sem við á hverju sinni. Úrskurði ráðuneytisins má fullnægja með aðför að viku liðinni frá birtingu hans.

#### 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Versnandi ástand þýðingarmestu fiskistofnanna við Ísland á undanförunum árum hefur orðið til þess, að æ meiri áhersla hefur verið lögð á að herða allt eftirlit með veiðum á Íslandsmiðum og jafnframt hefur þótt vaxandi þörf á því að herða viðurlög við brotum á reglum þeim, sem í gildi eru um veiðar einstakra tegunda eða almennt.

Brot á ýmsum veiðireglum, sem settar eru með stoð í lögum nr. 44 5. apríl 1948 eða lögum nr. 102 27. desember 1973 varða sektum en ekki upptöku afla, og oft getur það gerst, að slíkar sektir verða jafnvel mun lægri en andvirði þess afla, sem fenginn er með því að brjóta veiðireglur. Sildveiðarnar við Ísland á s. l. hausti geta gefið dæmi um þetta. Eins og kunnugt er var hámarksafli sá, sem hver bátur mátti veiða, 215 tonn sildar. Margir sildarbátanna fiskuðu mun meira en þessum kvóta nam, mismunandi mikið, en allt upp í 144 tonn fram yfir kvótann. Brúttóverðmæti umframafla þessa báts miðað við að allt hafi farið í 1. flokk mun nema 5 millj. 760 þús. krónum. Ekki er vitað til þess að neinn af skipstjórum þeim sem kærðir voru fyrir að hafa brotið þessa reglu um hámarkssildarafla, hafi enn hlotið sektardóm, en samkvæmt lögum nr. 44 5. apríl 1948 er ekki unnt, að dæma þá í meir en 1 millj. króna sekt, þannig að ljóst er, að sumir hafa hagnast mjög verulega á þessum brotum. Þetta þykir alls ekki viðunandi, og heldur ekki, að menn geti greitt sektir að öllu eða nokkru leyti með ólöglega fengnum afla. Þess vegna er lagt til í frumvarpi þessu að „ólöglegur sjávarafli“ skuli gerður upptækur.

Mjög oft getur verið erfitt eða jafnvel ógerlegt, þegar landað er ólöglegum sjávarafla, að sanna að um sök sé að ræða eða önnur þau atriði, sem sönnun verður að liggja fyrir um til þess að sektir verði dæmdar. Þannig getur skipstjóri, sem landar ólöglegu magni af undirmálsfiski, eða farið hefur fram úr hámarkskvóta, borið því við að hann hafi ekki gert sér rétta grein fyrir magninu fyrr en það var vegið í landi eða að hann hafi talið fisk sinn stærri, en síðar kemur fram við stærðarflokkun á landi. Þykir þess vegna ekki rétt að gera upptöku slíks ólöglegs afla háða því að um refsiverðan verknað sé að ræða.

Í frumvarpi þessu er gert ráð fyrir því að sjávarútvegsráðuneytið úrskurði hvort um ólöglegan sjávarafla sé að ræða, í hve miklu magni og hvert skuli vera andvirði þess afla, sem það gerir upptækan og innheimtir fjárgreiðslur fyrir. Má vera að hér þyki nokkuð gengið inn á verksvið dómstóla, en því er til að svara, að þetta fyrirkomulag mun væntanlega flýta mjög afgreiðslu þessara mála, sem er

alveg nauðsynlegt og auk þess er gert ráð fyrir því, að flest þessi mál verði þannig vaxin að um þau verði ekki ágreiningur. Kaupendur og seljendur sjávarafla leggja t. d. stærðarflokkun starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða til grundvallar verðlagningar aflans og ættu því eins að geta samþykkt þessa stærðarflokkun með tilliti til reglna um lágmarksstærðir fisktegunda. Þá má og ætla að þessir aðilar verði oftast sammála um aflamagn.

Loks er þess að geta, að með því að fela ráðuneytinu slíkt úrskurðarvald í hendur, er ekki verið að taka málið undan forræði dómstóla, og er í frumvarpinu skýrt tekið fram, að ákvörðunum ráðuneytisins í þessu efni megi vísa til meðferðar sakadóms.

#### *Athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins.*

##### *Um 1. gr.*

Í þessari grein er skilgreint hvað átt sé við með ólöglegum sjávarafla. Í sambandi við 4. tl. skal tekið fram að hér er ekki átt við veiðar, sem bannaðar eru á ákveðnum svæðum í sérstökum lögum, sem hafa að geyma ákvæði um upptöku afla, ef þau upptökuákvæði geta átt við í umræddum tilfellum.

##### *Um 2. gr.*

Um þörfina á því að efla fiskirannsóknir og vísindalegt eftirlit með fiskveiðum blandast fáum hugur. Segja má að eftirlit fiskifræðinga, starfsmanna Framleiðslueftirlits sjávarafurða eða eftirlitsmanna ráðuneytisins muni öðru fremur leiða til þess að sjávarafli verði gerður upptækur eftir lögum þessum og því þykir eðlilegt að stofna hinn sérstaka sjóð í vörslu ráðuneytisins, sem grein þessi gerir ráð fyrir.

Um það að gera upptöku óháða því hvort um refsiverðan verknað er að ræða, vísast til almennra athugasemda hér að framan og um að ákvæði þessarar greinar skuli víkja fyrir ákvæðum sérlaga vísast til þess er segir um 4. tl. 1. gr.

##### *Um 3. gr.*

Grein þessi þarfnast ekki skýringa um fram það er getur í almennum athugasemdum.

##### *Um 4. gr.*

Gert er ráð fyrir því, að hægt verði að innheimta andvirði ólöglegs afla annað hvort hjá kaupanda eða seljanda. Færi þetta eftir því hvort greiðsla hafi átt sér stað, þegar innheimt er og viðskiptasambandi þessara aðila yfirleitt. Um önnur atriði greinarinnar vísast til almennra athugasemda.

##### *Um 5. gr.*

Grein þessi þarfnast ekki skýringa.